

# Fundargerð

## Priðji fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland í Flatey

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Umhverfisstofnunar og í Teams fjarfundarbúnaði, fimmtudaginn 17. nóvember 2022 kl. 11:00.

### Fundarmenn:

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun

Edda Kristín Eiríksdóttir, Umhverfisstofnun

Hafsteinn Guðmundsson, fulltrúi íbúa í Flatey

Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppur

María Gestsdóttir Framfarafélag

Svava Sigurðardóttir, Framfarafélag Flateyjar

### Fundarefni

- Fara yfir drög að áætluninni, þ.e. framhaldsvinna frá síðasta fundi
- Önnur mál

### Afgreiðsla fundar

1. Farið var yfir nýjustu drög áætlunarinnar og rýnt í þau efnisatriði sem tekið hafa breytingum milli funda. Skjalið er unnið með fyrirvara um uppsetningu en unnið er að einföldun uppsetningar áætlana hjá Umhverfisstofnun í samráði við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.
2. Nýtt leiðarljós fyrir friðlandið var samþykkt og fjallað var um gildistíma áætlunarinnar en hann verður opinn í þeim skilningi að áætlunin verður endurskoðuð eftir því sem tilefni er til.
3. Ákveðið að fulltrúar Umhverfisstofnunar sendi fyrirspurn á Breiðafjarðarnefnd varðandi flug mannaðra og ómannaðra loftfara í Flatey, utan friðlands, í ljósi þess að slík umferð getur haft áhrif innan friðlandsins og Flatey er öll friðuð í krafti laga um vernd Breiðafjarðar. Rætt var um hvort heimilt sé að setja upp skilti með banni við flugi dróna í Flatey á varptíma.
4. Umhverfisstofnun mun setja upp vinnukort sem sýnir legu stórstraumsfjörumarka.
5. Samþykkt var að setja sérreglur um umferð á sjó á lokunartíma friðlandsins sem ná út að netlögum.
6. Rætt var um lendingar þyrila og samþykkt að setja sérreglu um lendingu þeirra innan friðlandsins að höfðu samráði við Breiðafjarðarnefnd. Umhverfisstofnun mun skoða afstöðu Breiðafjarðarnefndar til að setja samræmdar reglur um þyrlulendingar í Flatey til að gæta samræmis.

### Niðurstaða fundar og næstu skref

Umhverfisstofnun mun vinna úr umræðum á fundinum og senda erindi á Breiðafjarðarnefnd vegna heimildar til að banna ómönnuð loftför í Flatey og um þyrlulendingar.

Næsti fundur samstarfshóps verður 30. nóvember nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:10.